

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 81/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn

Sveini Jónssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sveinn Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3000.00, og laun verjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. maí 1962.

Ár 1962, þriðjudaginn 8. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 2136/1962: Ákærvaldið gegn Sveini Jónssyni, sem tekið var til dóms 30. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 17. ágúst 1961, höfðað gegn ákærða Sveini Jónssyni kaupmanni, Rauðarárstíg 38, Reykjavík, fyrir að hafa að kveldi sunnudagsins 7. maí 1961 undir áhrifum

áfengis ekið bifreiðinni R 1817 frá Keflavík Civilian Open Mess á Keflavíkurflugvelli áleiðis til Reykjavíkur, ekið þar viðstöðulaust af Vesturlandi yfir á Vesturbraut án þess að nema staðar við stöðvunarskyldumerki, sem þar er á gatnamótunum, unz hann var stöðvaður þar skammt frá.

Telst þetta varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 3. júní 1918 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

- 1937 4/11 Rvík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1940 6/6 Rvík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.
- 1940 14/8 Rvík. Áminning fyrir rangstæði bifreiðar á götu.
- 15/11 Rvík. Áminning fyrir að sinna ekki umferðarmerki lögreglunnar.
- 1942 2/11 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglu-samþykktar Rvíkur.
- 1943 21/4 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglu-samþykktar Rvíkur.
- 1945 14/3 Rvík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir akstur bifreiðar án afturljóss.
- 14/11 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lög-reglusamþykktar Rvíkur.
- 1948 12/5 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1958 13/8 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1959 30/4 Rvík. Sátt, 1000 kr. sekt fyrir brot á 39. gr. tolllaga.

Málsatvik eru þessi:

Sunnudaginn 7. maí 1961, kl. tæplega 19.00, kvaðst Guðmundur Elentínus Sigurður Árni Sigurðsson lögreglumaður hafa orðið þess var, að bifreiðinni R 1817 hefði verið ekið viðstöðulaust af Vesturlandi yfir á Vesturbraut á Keflavíkurflugvelli, án þess að nema staðar við stöðvunarskyldumerki, sem þar væri á gatnamótunum. Stöðvaði lögreglumaðurinn bifreiðina og lagði fyrir ökumann, ákærða í máli þessu, að fylgja sér að aðalhliði vallarins. Hefur lögreglumaðurinn fyrir dómi borið, að er hann fór að tala við ákærða við aðalhliðið, hefði hann veitt athygli daufrí áfengislykt frá vitum hans og auk þess hefðu augu hans verið blóðhlaupin. Var ákærði þá látinn blása í áfengisskynjara, er

sýnt hafði annað stig. Loks tók Jón Jóhannsson læknir blóð-sýnishorn úr ákærða kl. 19.20. Samkvæmt vottorði rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens reyndust vera í blóðinu „reducerandi“ efni, er samsvara 0.91% af alkóhóli. Vottorð þetta er dagsett 9. maí 1961.

Ákærði kvaðst hafa verið að koma frá Borgaraklúbbnum (Civilian Open Mess) á leið til Reykjavíkur, er lögreglumaðurinn stöðvaði hann. Ákærði sagði þann áburð lögreglumannsins rangan, að hann hefði ekki sinnt stöðvunarskyldu á mótum Vesturlands og Vesturbrautar. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, enda einskis áfengis neytt þá um daginn. Hann hefði borðað kvöldverð í nefndum klúbb ásamt konu sinni og hjónum, er með þeim voru í bifreiðinni, en ekki drukkið þar áfenga drykki. Hjónin báru fyrir dómi, að þau hefðu drukkið áfengi með matnum, en ekki kváðust þau hafa séð ákærða neyta áfengis þar á staðnum.

Eftir að ákærða var kynnt niðurstaða alkóhólrannsóknar, kvaðst hann ekki geta gefið aðra skýringu á henni en þá, að hann hefði neytt áfengis í töluverðum mæli kvöldið fyrir töku sína og fram til klukkan 01.00—02.00 eftir miðnætti.

Skipaður verjandi ákærða hefur haldið því fram, að nýrnabólga, sem ákærði hafði árið 1959, gæti haft áhrif á alkóhólrannsókn þá, sem gerð var í maímánuði 1961. Leitað var álits borgarlæknis um atriði þetta, sem taldi ólíklegt, að um nokkur áhrif á niðurstöðu rannsóknarinnar gæti hafa verið að ræða.

Gegn eindreginni neitun ákærða verður ekki talið sannað, að hann hafi brotið gegn stöðvunarskyldu á gatnamótum Vesturlands og Vesturbrautar, og ber því að sýkna hann af þessum lið ákæruskjals.

Hins vegar verður dómurinn að telja nægilega sannað samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem studd er vætti lögreglumannsins Guðmundar Elentínusar Sigurðar Árna Sigurðssonar og jákvæðri úrlausn öndunarsýnishorns, sem og hliðsjón af reikulum framburði ákærða sjálfs um áfengisneyzlu, að hann hafi í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ekki getað stjórnað ökutæki örugglega umrætt sinn. Þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Jónsson, greiði 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 1.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 4/1961. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn
Jóni Haukdal Þorgeirssyni
 (Sigurður Baldursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn farið fram í sakadómi Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og ýmis önnur gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Með eigin játningu ákærða, sem kemur heim við önnur gögn málsins og rannsókn á blóði, sem tekið var úr honum og ekki þykir ástæða til að vefengja, er sannað, að hann hafi um kl. 11.30 þriðjudaginn 12. júlí 1960 ekið bifreið með áfengisáhrifum, sem svöruðu til, að í blóði hans voru reducerandi efni, er samsvara 1.38% af alkóhóli.